

Mánudaginn 20. júní 1994.

Nr. 270/1994.

Björn S. Stefánsson

(sjálfur)

gegn

utanríkisráðherra

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Kærumál. Lögvarðir hagsmunir. Sakarefni. Stjórnarskrá. Evrópska efnahagssvæðið. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1994, sem barst réttinum 8. sama mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétti hefur varnaraðili fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að nægilegt sé að stefna utanríkisráðherra í málinu af hálfu íslenska ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 verða dómstólar ekki krafðir álits um lögfræðileg efni nema að því leyti, sem nauðsynlegt er til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli. Krafa sóknaraðila er ekki lögvarin í skilningi 2. mgr. þessa ákvæðis og felur því í raun í sér beiðni um álit dómstóla án tengsla við úrlausn ákveðins sakarefnis. Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu að loknum munnlegum flutningi 20. þ.m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. desember 1993.

Stefnandi er Björn S. Stefánsson, kt. 190637-7869, Kleppsvégi 40, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið og sem fyrirvarsmönnum er stefnt þeim Jóni Baldvini Hannibalssyni utanríkisráðherra, kt. 210239-3249, Vesturgötu 38 í Reykjavík, Vigdísí Finnbogadóttur, forseta Íslands, kt. 150430-2329, með lögheimili að Bessastöðum á Álftanesi, og Salóme Þorkelsdóttur, forseta Alþingis, kt. 030727-3209, Reykjahlíð í Mosfellssveit.

Í málinu hefur stefnandi gert svofelldar dómkröfur:

Krafist er viðurkenningar dómsins á því, að í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið felist framsal á stjórnarskrárbundnu valdi og að slíkt framsal verði aðeins gert með því móti, að stefnanda gefist kostur á sem kjósenda til Alþingis að koma að málinu. Enn fremur er þess krafist, að lög nr. 66/1993 verði dæmd ógild.

Þá gerir stefnandi kröfu um greiðslu hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins úr ríkissjóði.

Dómkröfur stefnda eru þær í þessum þætti málsins, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Dómkröfur stefnanda eru þær í þessum þætti málsins að frávísunarkröfunni verði hafnað.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur stefnt forseta Íslands, forseta Alþingis og utanríkisráðherra sem forsvarsmönnum íslenska ríkisins. Nægjanlegt var að stefna utanríkisráðherra til fyrirvars, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, 13. gr. stjórnarskrárinnar, lög nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og auglýsingu nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

Aðaldómkrafa stefnanda er orðuð sem viðurkenningarkrafa. Krafan byggist á því, að í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem veitt var lagagildi með 2. gr. laga nr. 2 frá 13. janúar 1993, samanber lög nr. 66 frá 6. maí 1993 um breytingu á þeim lögum, felist slíkt framsal á stjórnarskrár-

bundnu valdi að ekki hafi mátt lögfesta hann nema með þeim hætti sem 79. gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um varðandi breytingar á stjórnarskránni. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlaðist gildi hvað Ísland varðar 1. janúar 1994.

Einn af hornsteinum íslenskrar stjórnskipunar er grundvallarreglan um þrískiptingu ríkisvalds en hún kemur skýrast fram í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þrískiptingu ríkisvalds er ætlað að tryggja dreifingu valdsins og að hver valdaþátturinn takmarki völd hinna. Þannig hefur dómendum samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar verið fengið dómvaldið, og samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar skera þeir úr ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Einnig skera dómstólar úr um hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrá.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er það meginregla, að dómstólar hafi vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur nær til. Undantekningar eru þó frá þessari reglu og eigi sakarefni ekki undir dómstóla skal málinu vísað frá dómi.

Í máli þessu er ekki að finna hefðbundið sakarefni. Stefnandi hefur lýst því yfir að hann byggji ekki á því að efni EES-samningsins brjóti gegn hagsmunum hans eða hafi áhrif á stöðu hans, heldur sé ágreiningsefnið einungis það hvernig samningnum var komið á. Dómkröfur stefnanda byggjast þó í raun á því, að aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið brjóti í bága við stjórnarskrána, því að ella væri ekki stjórnskipuleg nauðsyn á að breyta stjórnarskránni eða bæta við hana í tengslum við lögfestingu samningsins. Sem fyrr segir er það í verkahring dómstóla að dæma um hvort lög standist stjórnarskrá. Slík álitaefni verða þó ekki borin undir dómstóla nema í tengslum við tiltekna, raunhæfa hagsmuni eða til viðurkenningar á tilvist eða efni tiltekinna réttinda eða réttarsambands málsaðila. Þetta skilyrði um lögvarða hagsmuni er orðað í 2. mgr. 25. gr. einkamálalaga en liggur einnig að baki 1. mgr. 25. gr. s.l. og tengist skilyrði 1. mgr. 24. gr. um að lög og landsréttur verði að ná til kröfu.

Stefnandi getur vissulega haft hagsmuni af því að fá skorið úr um hvort lögfesting EES-samningsins var í samræmi við fyrirmæli stjórnarskrár og hefur stefnandi helst nefnt mannréttindi í því sambandi og réttinn til að fá úr því skorið hvort kosningaréttur hans hafi verið virtur. Stefnandi hefur haldið því fram að skilyrðið um lögvarða hagsmuni væri uppfyllt, þar sem hann sé sem kjósandi til Alþingis aðili að breytingum á stjórnarskránni og brotið hafi verið gegn þeim réttindum hans með því að lögin voru samþykkt án þess að þeirra aðferða væri gætt sem 79. gr. stjórnarskrár gerir ráð fyrir um breytingar á stjórnarskránni.

Ekki verður talið að sú afstaða stefnanda, að hann er Íslendingur með

kosningarétt til Alþingis, heimili honum að bera undir dómstóla spurningar um stjórnskipunarlegt gildi lagasetningar nema í tengslum við ákveðna, lögvarða hagsmuni hans sem lögin ná til. Dómkröfur stefnanda eru ekki settar fram í tengslum við nein tiltekin áþreifanleg réttindi hans eða skyldur. Samkvæmt því, sem að framan segir, hefur stefnandi ekki sýnt fram á að hann eigi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr stefnukröfum sínum fyrir dómstólum. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki hjá því komist að vísa öllum kröfum stefnanda frá dómi.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
